

# Þróunarsjóður innflytjendamála 2011

Foreldragáttin – Þýðing á upplýsingavef fyrir foreldra  
Skóla-og frístundasvið Reykjavíkurborgar

**Útdráttur:** Foreldravefur skóla-og frístundasviðs Reykjavíkurborgar er nýr vefur sem opnaður verður í byrjun árs 2013. Hann verður vistaður á heimasíðu sviðsins sem er öllum opin og stefnt er að því að allir grunnskólar, leikskólar, frístundamiðstöðvar, frístundaheimili og frístundaklúbbar borgarinnar verði með aðgang að foreldravefnum á heimasíðum sínum. Vefurinn er ætlað foreldrum sem eiga börn í leik- og grunnskólum, frístundastarfi og hjá dagforeldrum. Um er að ræða hagnýtar upplýsingar um flest það sem viðkemur starfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva ásamt starfsemi dagforeldra. Meðal efnis eru upplýsingar um innritun, ábyrgð og réttindi, hlutverk og áhrif foreldra, starfshætti og frístundakort. Áhersla er lögð á að allir foreldrar geti haft gagn af vefnum því er efni hans á fleiri tungumálum en íslensku. Þróunarsjóður innflytjendamála hefur veitt skóla-og frístundasviði Reykjavíkurborgar styrk til að þýða efni foreldravefsins á ensku og pólsku.